Sjálfsagðar varúðarráðstafanir.
Eldhættan í gömlu timburhúsunum.
2 blöð. Frumdrög að blaðagrein. 52.

Uppkast að blaðagrein

Reynslan virðist stundum sanna það, að áraskifti séu oft að stórfelldum óförum og slysum á sjó og á landi. Þau geta að vísu stafað að einhverju leyti í sambandi við ýmiss óáran, skýjafalli, stórfelldar hamfarir náttúrunnar, eldgos og jarðskjálfta, en vitanlega er vettvangur hinna stríðandi herja á vígstöðvunum örlagaríkur nú og þaðan að vænta hinna mestu hörmunga, er einnig ná til annara landa og þjóða en þeirra, er þar eigast við. En þó eins og ýmiskonar ill öfl leysist úr læðingi, óhöppin dynji yfir og steðji að úr ýmsum áttum.

Hinn nýafstaðni stórbruni hér í bænum, þá er gistihúsið Hótel Ísland brann á skammri stundu er ný bending um það, hversu varasamt það er, að margt manna hafist við um nætur í stórhýsum af timbri gjörðum þar sem timburhúsaþyrping mikil er þar einnig nálæg eða áföst við.

Það er kunnugt, að menn höfðu lengi haft illan bifur á timburhúsaþyrpingu þessari í miðbiki bæjarins og litið til hennar uggsamlegum augum, ef eldur skyldi brjótast þar út. En það er víðar hér í bænum um uggvæna staði að ræða, m.a. Aðalstræti 8., Vesturgötu 22., Menntaskólann og Fríkirkjuna, svo aðeins fáein þeirra séu nefnd.

Við hátíðlegar guðsþjónustur, vígsluathafnir og fleira þess konar hafa um 1600 manns verið staddir í einu, er í Fríkirkjunni voru við stór-

eður hátíðlegar athafnir er þar fóru fram.
Útidyr Fríkirkjunnar eru aðeins tvennar.
Allir þeir, bæði niðri í Kirkjunni og á svölun-
um uppi yrðu að leita útgöngu um dyr þessar og
má geta nærri, hvernig tækist þeim yrði
um að bjarga sér og öðrum ef þá gripi ofur-
hræðsla vegna eldsvoða eða hann þar að hönd-
um: þarf eigi annað en lítinn neista frá ljósa-
leiðslum hússins, ofhitun (mótor) eða þess konar
að hleypa þar öllu í bál á augnabliki.
Útgangan er heldur eigi greið, því að útidyrnar
o.m.fl. eru þannig, að vestan og norðan eru tröppur
upp við forstofu-hliðina og liggja þær mjög fyrir
greiðri útgöngu. Þarf eigi að lýsa hitt, því, er
af óviljandi atburðum kemur í þá er til útgöngu
lítil og því meira hitt kemur á þá, sem fleiri
ryðjast að í einu, ofsahræddir og örvinglaðir af
því, sem þá kann að ske.
Eg hefi áður bent á hættu þessa og ráð til úr-
bóta: Um miðbik Kirkjunnar og frá gólfi fyrir
tvö dyr sitt til hvorrar handar, að norðan og sunnan
er svo væri um búið að þeim mætti hrinda upp
og opna þær í einu vetfangi, ef eitthvað kæmi að
eða fyrir í Kirkjunni er valdi ofsahræðslu.
Sömuleiðis ætti að hafa kaðla út frá hverjum
glugga uppi á svölunum, svo menn gæti rennt
sér niður á fasta grund eftir þeim.
Þessu hefir enn eigi verið neinn gaumur gefinn
en leyfi mér þó að vekja athygli á.
Eg bendi á þetta nú, er aldrei til þess að hræða
neinn eða vekja ótta hjá neinum, heldur til þess
að þeir sem hlut eiga að máli gæti skyldu sinnar
því að búa svo um, að óhætt sé.